



Skýrsla Æskulýðsnefndar Fáks 2012



Gömul hefð endurvakin - Jólaball

Hér á árum áður var siður að halda jólaball á vegum Fáks. Í desember endurvakti Æskulýðsnefnd Fáks þessa skemmtilegu hefð. Ballið var vel sótt og var dansað kringum jólatré og sungið við fjörugan undirleik á píanó. Fákskrakkar sungu svo hressilega að jólasveinn heyrði sönginn til fjalla og kom færandi hendi á jólaballið. Skemmtunin var svo vel heppnuð að það er von okkar og trú að með þessu séum við búin stimpla jólaballið inn og þannig koma á skemmtilegri hefð í hestamannafélaginu.



Fjörugir Fákskrakkar á Jólaballi Æskulýðsnefndar

Geysilega öflugt námskeiðahald:

- Yfirreiðkennari:

Námskeiðahald á vegum Æskulýðsnefndar Fáks er svo vinsælt og þá einnig yfirgripsmikið fyrir fulltrúa Æskulýðsnefndar að það tók mikinn tíma frá öðru nefndarstarfi síðasta vetur. Því lærðum við af reynslunni og var gripið til þess snjallræðis að ráða yfirreiðkennara. Fákur fékk því til liðs við sig hinn snjalla og vinsæla reiðkennara Sigrúnu Sigurðardóttur sem hefur komið mörgum af stað í hestamennskunni og einnig hjálpað mörgum til að ná langt í gegnum árin.

Sigrún sá um skipulag og ut anumhald um námskeiðin í samráði við Æskulýðsnefnd Fáks. Það var mjög kærkomið að fá Sigrúnu til starfa.

- **Barna námskeið:**

Á vegum Æskulýðsdeildar voru haldin námskeið fyrir börn. Boðið var uppá námskeið fyrir byrjendur og svo framhalds hópur. Kennt var í Reiðhöllinni í Víðidal

- **Almenn námskeið**

Þar var hópunum einnig skipt niður í byrjendur og framhalds hópa. Kennsla fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal.

- **Knapamerkjanámskeið:**

Knapamerkjanámskeiðin voru í fullum gangi í allan vetur og sí vinsæl. Hrefna María Ómarsdóttir sá um kennslu fyrir yngstu þátttakendurna en margir Fákssarar hafa farið í gegnum knapamerkjakerfið og náð góðum tókum á hestamennskunni á þann hátt.

- **Keppnisnámskeið:**

Keppnisnámskeiðin voru að vonum vinsæl í ár. Boðið var uppá keppnisnámskeið fyrir þá sem voru að stíga sín fystu skref í keppni og einnig fyrir þá sem höfðu einhverja keppnis reynslu. Kennarar voru þau Sýlvía Sigurbjörnsdóttir og Árni Björn Pálsson. Á námskeiðinu var aðstaða á félagssvæði Fáks nýtt á besta veg, þ.e. félagsheimilið, reiðhöllin og keppnisvöllir.



Leiðbeiningar, þrautir og æfingar á reiðnámskeiði á vegum Æskulýðsnefndar.

Uppskeruhátíð:

Æskulýðsnefnd Fáks stóð fyrir glæsilegri uppskeruhátíð barna og unglinga. Formaður Fáks Rúnar Sigurðsson hélt ræðu og hann, ásamt Helgu B. Helgadóttur gjaldkera Fáks og formanns Æskulýðsnefndar LH afhendu viðurkenningarnar en yfirumsjón með því hafði framkvæmdastjóri Fáks, Jón Finnur Hansson. Þar voru veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í keppni s.s. Íslandsmeistarar, Reykjavíkmeistarar og Landsmótsmeistarar. Einnig voru veitt verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í hestamennsku utan vallar s.s. framfarir og góða ástundun. Fáksskrakkar sprelluðu saman, farið var í nafnaleik og fleira skemmtilegt með tilheyrandi fjöri. Bjarni töframaður og trúbator skemmti viðstöddum við mikinn fögnuð. Boðið var uppá pizzur og gos og rann það ljúflega niður í svangann og glaðann hóp.



Nafnaleikur sem hristi hópinn saman á Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar

Þemakvöld - umgengni og viðhald reiðtygja:

Í febrúar stóð Æskulýðsnefndin fyrir þemakvöldi um viðhald og umgengni reiðtygja í Reiðhöllinni.

Reiðtygi eiga að endast okkur lengi og þar skiptir miklu máli hvernig við göngum um þau. Lengi býr að fyrstu gerð og finnst Æskulýðsnefnd Fáks því vera upplagt að kenna börnunum góða umgengni við reiðtygi því það er fræðsla og vitneskja sem getur enst þeim allt lífið og skipt miklu máli.

Við fórum ítarlega yfir umgengni reiðtygja. Börnin gátu komið með sín eigin reiðtygi og lærð að viðhalda þeim á sem bestan hátt. Þátttakendur sýndu mikinn dugnað og bæði þrifu reiðtygin hátt og lágt og báru þvínæst leðurfeiti á allt saman.



Allir bera á reiðtygin af miklum myndarskap

Grímutölt:

Mótanefnd Fáks stóð fyrir Grímutölti og hvatti Æskulýðsnefnd Fáks krakkana til þátttöku. Þau létu sig ekki vanta. Mikið fjör og gleði ríkti í kringum undirbúning varðandi búninga. Bæði var keppt í tölti og einnig voru veitt verðlaun fyrir búninga. Grímutöltið skemmtilegt húllumhæ í vetrarstarfi Fáks.



Mótanefnd Fáks bauð uppá Grímutölt og yngri kynslóðin lét sig ekki vanta

Vetrarleikar Fáks:

Keppnisnámskeiði og öðrum námskeiðum nýttist krökkunum vel í vetur því Fákur bauð uppá tvenna vetrarleika. Allir gátu tekið þátt því pollar jafnt sem reyndir knapar mættu galvaskir til leiks. Frábært fyrir unga knapa að öðlast keppnisreynslu.



Stoltir þátttakendur á Vetrarleikum Fáks

Páskabingó:

Páskabingó Æskulýðsnefndar er geysivinsælt og ávallt vel sótt. Páskabingóið hefur algerlega fest sig í sessi og er orðinn fastur liður í páskaundirbúningi margra Fáksmanna. Í ár var bingóið að vanda mjög vel sótt og fjölmörg fyrirtæki í eigu hestamanna studdu við bakið á okkur með glæsilegum vinningum. Ýmsar skemmtilegar aðferðir voru notaðar til að renna í gegnum bingóspjöldin – t.d. standa uppá stól og setjast þegar talan kemur – þeir sem eru standandi í lokin fá vinning. Þetta gerir skemmtilega stemningu og fjör.



Frá Páskabingói Æskulýðsnefndar

Hestadagar í Reykjavík:

Hátíðin Hestadagar í Reykjavík var haldin í annað sinn í ár. Að fá að fara ríðandi um götur borgarinnar er skemmtileg upplifun sem bæði stórir og smáir Fáksmenn tóku þátt í og það fór ekki á milli mála að allir skemmtu sér hið frábærlega í blíðskapar veðri. Æskulýðsnefnd Fáks mun áfram hvetja krakkana til þátttöku í hópreiðinni bæði vegna þess að upplifunin er skemmtileg en einnig vegna þess að þarna er hestamenningarsögulegur arfur – hesturinn kom inn til borgarinnar lögnu á undan annari umferð. Nauðsynlegt fyrir upprennandi hestamenn að þekkja söguna og sjá borgina fyrir sér og upplifa með eigin augum hesta í miðbænum.

Æskan og hesturinn – hefð endurvakin:

Starfsmenn LH hóuðu saman Æskulýðsnefndir félaga á höfuðborgarsvæðinu og spurðu hvort áhugi væri á að blása lífi í Æskuna og Hestinn aftur. Nefndarmenn í Æskulýðsnefnd Fáks fóru alveg á full og lögðu sig alla fram um að endruvekja sýninguna Æskuna og Hestinn í Reiðhöllinni. Endurlífgun Æskunnar og Hestsins krafðist mikils undirbúnings af nefndarmönnum þar sem ekkert okkar hafði reynslu af að halda þetta áður. Æskulýðsnefnd Fáks þurfti að halda vel á spöðunum til að drífa þetta í gang svo að af þessu mundi verða. Ferlið var einkar lærdómsríkt og að lokum náðist saman fyrirmyndar samstarfshópur frá fleiri hestamannafélögum sem framkvæmdi verkið. Þessi duglegi hópur hefur ákveðið að hittast nú í haust og leggja drög að undirbúningi næstu sýningar. Við erum alveg ákveðin í að halda þessu gangandi. Ástæða þess er m.a. að sýningin hefur mikla þýðingu á margan hátt:

- Fjölbreyttur hópur gesta þannig að hesturinn kemur nær þeim sem kannski ekki þekkja hann.
- Hestakrakkarnir geta hér sýnt ýmsar listir allt eftir getu og allir njóta sín.
- Þátttaka fatlaðra barna hefur mikla þýðingu bæði fyrir þau og áhorfendur.
- Tilhlökkunarefni fyrir krakkana.
- Fjör með búninga og gerð atriða.
- Aðgangur er ókeypis sem þýðir að allir geta komið og fylgst með.
- Lang mest af vinnu við sýninguna er unnið í sjálfböðavinnu.
- Þetta er sýningin þeirra með hestunum og þannig mætti lengi telja.

Haldnar voru tvær sýningar sama daginn og tókust alveg frábærlega vel. Anna Lauga reiðkennari tók að sér að þjálfa Fáks börnin fyrir sýningu. Frétta konan, Thelma Tómasson hesta kona í Fákí setti sýninguna og hafði með sér börn í opnunaratriðinu. Fánareið, búningar, áhættatriði og fegurðartölt. Gestir úr hestamannafélaginu þyt skemmtu áhorfendum með stórglæsilegri fimleikasýningu og sýning fatlaðra barna á hestbaki var einnig mjög glæsileg og áhrifarík. Gaman að sjá hvað allir knapar sýningarinnar eru framúrskarandi duglegir á hestbaki og hrærðu við áhorfendum. Við getum öll verið mjög solt af að eiga svona glæsilega framtíðarknapa. Bæði börn og unglingar voru alsæl með að Æskan og Hesturinn væri endurvakin og sýningin vakti mikla hrifningu allra viðstaddra.



Líflandsmótið:

Eitt stærsta mót á vegum Æskulýðsnefndar er Líflandsmótið þar sem framkvæmd og skipulag er alfarið í höndum Æskulýðsnefndar Fáks. Það er mjög ánægjulegt hversu mótið er stórt og geysilega vinsælt. Keppt er í fjölmörgum flokkum og er mikið lagt í mótið. Keppendur leggja sig alla fram og það skilar þeim tilætluðum árangri. Dómarar vanda einnig vinnu sína og gaman er að sjá hversu margir eru til í að leggja hönd á plóg í sjálfböðavinnu og styðja við mótið. Lífland er stuðningsaðili mótsins og gefur veglegar gjafir og verðlaun. Mótið sem fór fram í Reiðhöllinni í Víðidal tókst frábærlega vel og var öllum sem að því stóðu til stakrarar þýði. Æskulýðsnefnd Fáks þakkar þeim fjölmörgu sjálfböðaliðum og öðrum sem lögðu hönd á plóg og einnig Líflandi fyrir stuðninginn og síðast en ekki síst bravó krakkar þið voruð sannarlega hestamennskunni til fyrirmyndar.



Fákur 90 ára



Mikið um dýrðir - opinn dagur í hesthúsum Fáks og Firmakeppni:

Sumardaginn fyrsta var opinn dagur í hesthúsaðverfnum Fáks í tilefni 90 ára afmælis Fáks. Þá var mikið um dýrðir og að sjálfsögðu mikið um að vera hjá krökkunum í félaginu sem fóru og hjálpuðu til við að teyma undir börnum og sýna gestum og gangandi hesta sína. Miklar framkvæmdir hafa verið á félagssvæði Fáks þar sem undirbúningur Landsmóts var í fullum gangi. Þannig að mikið hefur verið um að vera og fjölmargir félagsmenn buðu uppá kræsingar í hesthúsum sínum. Þann sama dag var einnig haldin firmakeppni þannig að margir duglegir hestakrakkar voru uppteknir við keppni.

„Óvissuferð“:

Æskulýðsnefnd Fáks skipulagði „Óvissuferð“ eins og hefð er fyrir. Dagskráin var auglýst og var ferðinni m.a. heitið í Auðsholtshjáleigu og á Veiðisafnið Stokkseyri. Ferðinni varð þó að aflýsa vegna dræmrar þátttöku. Trúlega er dræm þátttaka spegilmynd þess að dagskráin hefur verið mjög fjölbreytt og spennandi og því fjölmargt á döfinni hjá Fáskrökkum.

Æskulýðsnefnd vill nota tækifærið og þakka Kristbjörgu og Gunnari á Auðsholtshjáleigu fyrir að vera tilbúin að taka á móti hópnum og vonandi megum við eiga heimsóknina inni hjá þeim heiðurshjónum.

Námskeið - Undirbúingur fyrir Landsmót

Mikill Landsmótshugur einkenndi félagsstarfið og þá er um að gera að virkja ungu kynslóðina. Æskulýðsnefnd brá á þá nýbreytni að bjóða börnum, unglingum og ungmennum í Fákí uppá verkefni og bóklegt námskeið fyrir þá sem áhuga höfðu á að keppa á Landsmóti. Á námskeiðinu var haldið æfingamót þar sem knapar fengu einkunn og umsögn. Þetta nýttist öllum vel í undirbúning við landsmót. Sigrún Sigurðardóttir, Sylvía Sigurbjörnsdóttir og Árni Björn Pálsson komu öll að kennslu á Landsmótsnámskeiðinu.

Mikið um mótadýrðir:

Glæsilegt Reykjavíkurmót, líflegt Almannadalsmót og spennandi Gæðingakeppni Fáks. Mikið var um mótadýrðir í vor og gátu ungir keppendur allt frá pollum og uppúr tekið þátt í keppnum næstum hverja helgi. Mikil hvatning fyrir alla.

Þjálfunarbúðir fyrir börn, unglinga og ungmenni með þáttökurétt á Landsmót:

Æskulýðsnefnd Fáks bauð uppá tveggja daga þjálfunarbúðir fyrir börn, unglinga og ungmenni í Fákí sem unnið höfðu sér inn þáttökurétt á Landsmótið. Notast við gott æfingarsvæði fyrir untan bæinn gott og gaman bæði fyrir hestana og þátttakendurnar. Reiðkennari og dómari aðstoðuðu þátttakendur til að undirbúa sig. Skemmtilegt til að hrista hópinn saman og einnig mjög gott fyrir undirbúninginn.

Landsmót hestamanna í Víðidal í Reykjavík:

Rúsinan í pylsuendanum á frábæru misseri var svo frábært LANSMÓT HESTAMANNA Í REYKJAVÍK. Mótið tókst frábærlega í alla staði og var gaman að sjá þegar krakkar allstaðar af á landinu leiddu saman hesta sína og gaman hvað krökkunum gekk vel að kynnast og leika sér saman milli miklivægra atriða. Velheppnað og skemmtilegt Landsmót hafði tvímælalaust hvetjandi áhrif á upprennandi hestamenn svo nú er það m.a. í höndum æskulýðsnefnda framtíðarinnar að viðhalda þessum áhuga.

Þakkir:

Æskulýðsnefnd Fáks þakkar öllum stórum sem smáum – tví- sem ferfætlingum sem komu nærri Æskulýðsstarfinu í vetur með sjálfboðavinnu og samhuga fjöri. Takk öll fyrir frábæra samveru á þessu misseri sem einkenndist af því að blása lífi í hefðir sem höfðu dottið upp fyrir, finna uppá nýju svo og miklum námskeiðs, - móta, - og keppnishug sem setti sterkan svip á Æskulýðsstarfið.

Æskulýðsnefnd Fáks starfsárið 2012:

Bergljót Rist, formaður
Ásta Björnsdóttir
Unnur Gréta Ásgeirsdóttir
Elínborg Sigurgeirsdóttir
Helga Sigríður Magnúsdóttir
Björk Baldursdóttir
Guðmundur Valsson